

TILSKIPUN RÁÐSINS 2002/68/EB

frá 19. júlí 2002

um breytingu á tilskipun 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Gildissvið tilskipunar 2002/57/EB ⁽³⁾ skal einnig ná til samyrkja (s: samsettra yrkja) olíu- og trefjaplöntutegunda. Einnig er rétt að skilgreina þau skilyrði sem samyrki þurfa að uppfylla, þar á meðal lit opinbera merkimiðans sem krafist er að sé á pakkningum vottaðs fræs af samyrkjum.
- 2) Fella ætti fræ af blendingaryrkjum olíu- og trefjaplöntutegunda auk sólfíls undir gildissvið tiltekinna skilgreininga í tilskipun 2002/57/EB vegna aukins vægis þeirra í bandalaginu.
- 3) Breyta ber tilskipun 2002/57/EB til samræmis við það.
- 4) Vegna aukins vægis, sem slíkt fræ hefur í bandalaginu, samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 95/232/EB ⁽⁴⁾ í þeim tilgangi að setja skilyrði sem fræ blendinga og samyrkja af repju og akurfrækáli þurfa að uppfylla. Ákvörðun þessi féll úr gildi 30. júní 2002. Því er rétt að halda í skilyrði bandalagsins varðandi markaðssetningu slíks fræs þar til ný ákvæði koma til framkvæmda.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2002/57/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein er skotið inn í 2. gr.:

„3a. Breytingar á c- og d-lið 1. mgr. í þeim tilgangi að fella undir gildissvið þessarar tilskipunar blendinga olíu- og trefjaplantna, annarra en sólfíls, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr.“

⁽¹⁾ Álit var skilað 2. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽²⁾ Álit var skilað 17. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 154, 5.7.1995, bls. 22. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2001/18/EB (Stjtið. EB L 4, 9.1.2001, bls. 36).

2. Eftirfarandi málslið er skotið inn á eftir öðrum málslið í a-lið 1. mgr. 12. gr.:

„Þegar um er að ræða vottað fræ af samyrki skal merkimiðinn vera blár með grænu skástriki.“

3. Eftirfarandi grein er skotið inn:

„19. gr. a

1. Aðildarríkin skulu heimila markaðssetningu fræs olíu- og trefjaplöntutegunda í formi samyrkja.

2. Í 1. mgr. er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samyрки“: samsetning af vottuðu fræi tiltekins, frjóberaháðs blendinga, sem er leyft opinberlega samkvæmt tilskipun 2002/53/EB, og vottuðu fræi eins eða fleiri tiltekinna frjóbera, leyft með sama hætti og vélrænt blandað í hlutföllum sem einstaklingar, sem eru ábyrgir fyrir viðhaldi þessara þátta, ákveða í sameiningu eftir að samsetningin hefur verið tilkynnt vottunaryfirvaldinu,
- b) „frjóberaháður blandingur“: karlófrjó þátturinn í „samyрки“ (kvenþátturinn),
- c) „frjóberi eða frjóberar“: sá þáttur í „samyрки“ sem dreifir frjókornum (karlþátturinn).

3. Fræ af kven- og karlþáttum skulu bæsuð með fræbæsi í mismunandi lit.“

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2002“ í 5. mgr. 5. gr. ákvörðunar 95/232/EB komi „30. júní 2003“.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júní 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 2. gr. gilda frá 1. júlí 2002.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

T. PEDERSEN

forseti.
